



Reykjavík, 7. október 2024  
VEL23060034

Borgarráð

## Samþykkt velferðarráðs um framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2024-2027

Á fundi velferðarráðs þann 2. október 2024 var framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2024-2027 samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2024-2027 er mjög falleg áætlun og þar er framtíðarsýnin mikil og sóknaráætlun er jákvæð. Flokkur fólksins er sannarlega sammála því að Barnavernd Reykjavíkur vinnur gott og farsælt starf í barnaverndarmálum. Fulltrúi Flokks fólksins saknar hins vegar að bent sé á þær áskoranir sem Barnavernd Reykjavík stendur frammi fyrir eins og hvernig mætti bæta þjónustuna og hvort að eigi að fjölga meðferðarúræðum sem er mikil þörf fyrir. Í framkvæmdaáætluninni er ekkert er minnst á aukinn fjölda tilkynninga til Barnaverndar og að það sárvantar stuðnings- og fósturfjölskyldur. Það er gott að heyra að lausn sé í sjónmáli á nýju húsnæði fyrir Mánaberg og að um þessar áskoranir verður fjallað í ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur.

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2024-2027 er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir

skrifstofustjóri skrifstofu stjórnarsýslu

Hjálagt:

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2024-2027, lögð fram á fundi velferðarráðs 2. október 2024.



Reykjavík



# Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd

2024-2027



**FRAMKVÆMDAÁÆTLUN  
REYKJAVÍKURBORGAR Í BARNAVERND  
2024-2027**

---

**Ábyrgðaraðili:**

Þyri Steingrímsdóttir skrifstofustjóri  
og Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri

---

Barnavernd Reykjavíkur  
Ármúla 4  
108 Reykjavík  
411-9200  
**barnavernd@reykjavik.is**

---

Hönnun & umbrot: NØR Station / [www.norstation.com](http://www.norstation.com)



# EFNISYFIRLIT

<b>1 / Inngangur</b>	<b>4</b>
<b>2 / Markmið og hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur</b>	<b>5</b>
<b>3 / Framtíðarsýn Barnaverndar Reykjavíkur 2024 – 2027</b>	<b>8</b>
<b>4 / Framkvæmdaáætlunin</b>	<b>10</b>
<b>4.1 / Inngangur</b>	<b>11</b>
<b>4.2 / Barnavernd Reykjavíkur er skilvirk og vönduð</b>	
stofnun með öfluggu innra starfi	12
<b>4.2.1 / Bætt verklag og innra starf hjá BR</b>	<b>12</b>
<b>4.2.2 / Áherslupættir við vinnslu mála hjá BR</b>	<b>13</b>
<b>4.2.3 / Mannauður</b>	<b>14</b>
<b>4.2.4 / Árangursmælingar</b>	<b>14</b>
<b>4.3 / Barnavernd Reykjavíkur sýnir ráðdeild og</b>	
hagkvæmni í rekstri og fjármálum	15
<b>4.3.1 / Markviss áætlanagerð</b>	<b>15</b>
<b>4.3.2 / Hagkvæmni í rekstri</b>	<b>15</b>
<b>4.3.3 / Þétt eftirlit vegna aðkeyptrar vinnu</b>	<b>16</b>
<b>4.4 / Barnavernd Reykjavíkur og Betri Borg fyrir Börn</b>	
- öflugt samstarf um farsæld og samþættingu	17
<b>4.4.1 / Áherslupættir í samstarfi</b>	<b>17</b>
<b>4.4.2 / Upplýsingagjöf innan Reykjavíkurborgar</b>	<b>17</b>
<b>4.5 / Barnavernd Reykjavíkur njóti trúverðugleika og trausts</b>	<b>18</b>
<b>4.5.1 / Upplýsingagjöf til borgarbúa</b>	<b>18</b>
<b>4.5.2 / Nútímaleg og aðgengileg þjónusta</b>	<b>18</b>
<b>5 / Lokaorð</b>	<b>19</b>
<b>6 / Sóknaráætlun Barnaverndar Reykjavíkur</b>	<b>20</b>



## Inngangur

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkur í barnavernd 2024 – 2027 er unnin á grundvelli 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem segir að sveitarstjórnir skuli marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun er lögð fyrir velferðarráð og borgarráð til samþykktar. Framkvæmdastjórn Barnaverndar Reykjavíkur er ábyrg fyrir framfylgd áætlunarinnar og hefur með höndum verkefnastjórn vegna hennar.

Tilgangur framkvæmdaáætlunar er að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Í framkvæmdaáætluninni eru sett fram markmið og hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur, sem byggja á 2. gr. barnaverndarlaga sbr. umfjöllun í kafla 2.

Í kafla 3 er lýst framtíðarsýn Barnaverndar Reykjavíkur. Þá er í kafla 4 hinni eiginlegu framkvæmdaáætlun lýst í fjórum undirköflum, þar sem lýst er þeim fjórum meginmarkmiðum sem Barnavernd Reykjavíkur hefur sett sér til að ná fram framtíðarsýn sinni. Í fimmta kafla er að finna lokaorð og niðurlag. Fylgiskjal með áætluninni er Sóknaráætlun Barnaverndar Reykjavíkur, sem byggir á þeim fjórum meginmarkmiðum sem lýst er í framkvæmdaáætluninni.

Fyrri framkvæmdaáætlun rann sitt skeið í árslok 2023. Í þeirri áætlun voru áhersluverkefni innri málefni Barnaverndar Reykjavíkur, forvarnir og snemmtæk íhlutun, stuðningur og þjónusta á vettvangi barns, aukin samvinna stofnana og aukin áhersla á skilvirkni, mælingar og árangursmat.



## #2

### Markmið og hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur



## Markmið og hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur

Fram kemur í 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 að öll börn eigi rétt á vernd og umönnun. Einnig kemur fram að þeir sem hafi uppleidd og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju. Þá er fjallað um það að foreldrar skuli rækja uppeldis- og forsjáskyldur sínar gagnvart börnum með þeim hætti sem best hentar hag þeirra og gæta velfarnaðar barna sinna í hvívetna.

Í framhaldinu, eða í 2. gr. barnaverndarlaga, er fjallað um markmið laganna. Þar segir orðrétt;

*Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.*

Ítarlega er fjallað um það í ákvæðum barnaverndarlaga með hvaða hætti barnaverndarþjónustur eigi að rækja hlutverk sitt og ná framangreindu markmiði laganna. Um það gilda margháttaðar málsmeðferðarreglur og á grunni laganna hafa einnig verið settar ýmsar reglugerðir, verklagsreglur og málsmeðferðarreglur sem öllum barnaverndarþjónustum ber að fara eftir. Sveitarfélögum um allt land er skylt að starfrækja slíkar barnaverndarþjónustur, sem bera ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem barnaverndarlögin segja til um. Barnavernd Reykjavíkur er ein slík barnaverndarþjónusta og þjónustar öll börn sem hafa fasta búsetu í Reykjavík.

**Það er þannig bæði markmið og hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur að tryggja réttindi barna til verndar, umönnunar og velfarnaðar. Það er gert með því að veita börnum og fjölskyldum nauðsynlega aðstoð (stuðningsúrræði) en getur einnig falist í því að beita úrræðum til að vernda börn (þvingunarúrræði).**

Barnavernd Reykjavíkur tilheyrir velferðarsviði Reykjavíkurborgar og heyrir almenn stjórnýssla barnaverndarþjónustu í Reykjavík undir velferðarráð. Heildarkostnaður af rekstri Barnaverndar Reykjavíkur er árlega rétt yfir 3 milljarðar króna. Barnavernd Reykjavíkur rekur þrjú fjölskyldu- og vistheimili fyrir börn og ungmenni, þ.e. Mánaberg, Klettinn og Ásvallagötu. Þá er Barnavernd Reykjavíkur í ríku samstarfi við Klettabæ ehf. sem starfrækir sértæk búsetuúrræði fyrir börn og ungmenni, auk ýmissar annarrar þjónustu.

Skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur er skipt í fimm teymi; Bráða- og viðbragðs-teymi, Könnunar- og meðferðarteymi yngri barna, Könnunar- og meðferðarteymi eldri barna, Könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og Fóstur-teymi. Í teymunum starfa félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar sem eru sérfræðingar í málefnum barna. Þá starfa hjá Barnavernd Reykjavíkur lögfræðingar, sálfræðingar, sérfræðingar í PMTO meðferð, fjármálastjóri, eftirlitsaðilar og deildarfulltrúar. Með yfirstjórn fara framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri, sem saman skipa Framkvæmdastjórn Barnaverndar Reykjavíkur. Samtals starfa því hjá Barnavernd Reykjavíkur ríflega 60 manns í 58 stöðugildum.






Starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur hefur yfir að ráða fjölbreyttum stuðningsúrræðum sem beitt er í þeim tilgangi að efla foreldra, veita þeim stuðning, þjálfun og eftirfylgd með von um að aðstæður barnanna í þeirra umsjá verði betri. Mikill metnaður er lagður í að mæta þörfum barnafjölskyldna, endurmeta stöðuna og sækja um viðeigandi stuðning. Kappkostað er við að skoða nærumhverfi barnsins með von um að virkja stuðning þaðan. Starfsmenn heimsækja heimili fjölskyldna, ræða við börn, funda með meðferðaraðilum, stofnunum o.s.frv. og útbúa meðferðar-áætlanir sem hafa að geyma áætlun um vinnslu málsins og markmið. Starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur getur leitað til Sérfræðingateymis Barna- og fjölskyldustofu um ráðgjöf og úrræði vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Sérfræðingateymið er öllum sveitarfélögum til ráðgjafar um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir, sem þurfa á annars konar og meiri þjónustu að halda en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra.

Þegar kemur að beitingu þvingunarúrræða þarf úrskurði Umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur. Um þvingunarúrræði er fjallað í 26 – 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en í þeim getur falist að kveða á um úrræði inn á heimili án samþykkis foreldra, vista börn utan heimilis í tiltekinn tíma og að forsjásvipta foreldri. Umdæmisráð eru nýjar stjórnarsýslunefndir sem fara með úrskurðarvald í barnaverndarmálum um land allt skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Ákvæði um umdæmisráð komu inn í barnaverndarlög þann 1. janúar 2023. Í lögnum er umdæmisráðum gefnar valdheimildir til að taka ákvarðanir með úrskurði um beitingu tiltekinna þvingunarúrræða á grundvelli barnaverndarlaga. Fjögur umdæmisráð eru starfandi á landinu.

Í alvarlegustu málunum, þ.e. vegna vistana barna utan heimilis sem þurfa að standa lengur en í fjóra mánuði og ef svipta þarf foreldri forsjá barns, þarf í framhaldi af málsmeðferð umdæmisráða að fara með mál viðkomandi barns til dóms. Borgarlögmaður sér um fyrirsvar fyrir Barnavernd Reykjavíkur vegna meðferðar barnaverndarmála fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og æðri dómstólum.







# #3

## Framtíðarsýn Barnaverndar Reykjavíkur 2024 – 2027



# Framtíðarsýn Barnaverndar Reykjavíkur 2024 – 2027


Barnavernd Reykjavíkur er skilvirk og vönduð stofnun, sem verður áfram öflugasta og stærsta barnaverndarþjónusta landsins. Við erum leiðandi í barnaverndarstarfi á landsvísu.

Barnavernd Reykjavíkur starfar með skilvirkum og faglegum hætti. Við höfum skýrt verklag við vinnslu mála og skýrar áherslur í allri starfsemi. Við fylgjumst með árangri og gæðum starfseminnar með því að framkvæma árangursmælingar og viðhafa innra gæðaeftirlit.

Barnavernd Reykjavíkur ræður hæfasta starfsfólk sem völ er á og er eftirsóttur vinnustaður. Við leggjum mikið upp úr góðu starfsumhverfi sem stuðlar að aukinni vellíðan og góðum starfsanda meðal starfsfólks. Við leggjum áherslu á að starfsfólk geti átt greið og opin samskipti við sinn yfirmann og skynji að það sé tekið mark á skoðunum og hugmyndum þess. Einnig hvetjum við starfsmenn til að afla sér frekari þekkingar til að þróast í starfi.

Barnavernd Reykjavíkur er vel rekin stofnun. Við nýtum fjármuni okkar vel og sýnum ráðdeild í rekstri.

Barnavernd Reykjavíkur er í fararbroddi þegar kemur að innleiðingu farsældarlaga og samþættingar samkvæmt nýjum lögum þar um. Við tökum þátt í vinnu Barna- og fjölskyldustofu um málefnið og eigum öflugt samstarf við verkefnið Betri Borg fyrir Börn og leggjum okkur fram um að taka þátt í samstarfinu og veita verkefninu brautargengi. Við göngum einnig í takt við stefnumótun ríkisins um málefni barnaverndar og við velferðarstefnu Reykjavíkurborgar.



Barnavernd Reykjavíkur nýtur trausts og trúverðugleika í störfum sínum. Ásýnd okkar út á við er jákvæð og fagleg.

Barnavernd Reykjavíkur styður við börn og fjölskyldur í Reykjavík þegar á þarf að halda. Við berum virðingu fyrir öllum einstaklingum og fjölskyldum og kappkostum við að veita öflug stuðningsúræði. Við setjum ávallt hagsmuni barna í forgrunn og látum hagsmuni barnanna ganga framur hagsmunum foreldra og forsjáraðila, ef þörf krefur.





#4

Framkvæmdaáætlunin





## Inngangur

Sem fyrr er lýst er tilgangur framkvæmdaáætlunar í barnavernd að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera brú á milli núverandi stöðu og framtíðarsýnar stofnunarinnar. Áhersla er lögð á skýr og mælanleg markmið, sem eru raunhæf og tímasett.

Fylgiskjal með áætluninni er Sóknaráætlun Barnaverndar Reykjavíkur þar sem markmiðin eru sett fram í töflu, þeim er forgangsraðað og þau eru tímasett.

### *Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd árin 2024 til 2027 felur í sér eftirfarandi meginmarkmið :*

// Barnavernd Reykjavíkur er skilvirk og vönduð stofnun með öfluglu innra starfi.

// Barnavernd Reykjavíkur sýnir ráðdeild og hagkvæmni í rekstri og fjármálum.

// Barnavernd Reykjavíkur og Betri Borg fyrir Börn – öflugt samstarf um farsæld og samþættingu.

// Barnavernd Reykjavíkur njóti trúverðuleika og trausts hjá borgarbúum.



# Barnavernd Reykjavíkur er skilvirk og vönduð stofnun með öfluggu innra starfi.

## 4.2.1 Bætt verklag og innra starf hjá BR

Á næstu þremur árum verður unnið að því að innleiða hjá Barnavernd Reykjavíkur (hér eftir BR) nýtt málaskrárkerfi. Málaskrárkerfið Ráðgjafinn sem þróað er af Þróunar- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar verður innleitt og skal innleiðingu lokið fyrir árslok 2027. Stefnt er að því að Ráðgjafinn geti tengst fyrirhuguðu gagnafærslukerfi (gagnagátt) sem Barna- og Fjölskyldustofa (hér eftir BOFS) og Barna- og menntamálaráðuneyti eru að þróa á grundvelli 39. gr. barnaverndarlaga.

Innleiðing á nýju málaskrárkerfi gefur BR tækifæri til að afla tilskilinna leyfa til rafrænna skila gagna til Borgarskjallasafns/Þjóðskjallasafns og hætta jafnhliða allri pappírsskjalageymslu. Er þannig stefnt að því að á tímabili framkvæmdaáætlunar verði BR komið vel á veg með að verða pappírslaus stofnun.

Lögfræðiteymi BR mun hafa forgöngu um áframhaldandi þátttöku starfsmanna BR í vinnu á vegum Barna- og menntamálaráðuneytis að heildarendurskoðun barnaverndarlaga. Samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er áætlað að nýtt frumvarp verði lagt fram á Alþingi á vorþingi árið 2024, en að öllum líkindum mun það frestast fram á haustþing.

Unnið verður að gerð rafrænnar Handbókar BR sem verði gerð aðgengileg öllu starfsfólki. Er þar um að ræða samantekt allra verklagsreglna og málsmeðferðarreglna sem til eru og nýjar búnar til eftir þörfum við vinnslu handbókarinnar, ekki síst með tilliti til væntanlegra breytinga á barnaverndarlögum. Handbókin verður tilbúin á árinu 2025 en verður uppfærð reglulega.

BR mun fyrir árslok 2024 ljúka innleiðingu verklags á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Af hálfu borgarinnar hefur yfirgripsmikil vinna átt sér stað á grundvelli laganna, með verkefninu Betri Borg fyrir Börn (hér eftir BBB). Eigendahópur BBB, sem framkvæmdastjóri BR er hluti af, mun á næstu þremur árum framkvæma og rýna ýmis konar mælingar varðandi framþróun verkefnisins og árangur.



## 4.2.2 Áherslupættir við vinnslu mála hjá BR

Hafin verður innleiðing á verklagi og hugmyndafræði Öryggismerkis (e. Signs of Safety) við vinnslu mála hjá BR. Áætlað er að verkefnið hefjist á árinu 2025 og mun haldast í hendur við Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á sviði barnaverndar. Í þeirri áætlun er lýst því markmiði ríkisstjórnar að skapaðar verði forsendur fyrir BOFS til að efla stuðning og ráðgjöf við barnaverndarþjónustur um land allt m.a. með heildrænni innleiðingu hjá félagsráðgjöfum og öðrum fagstéttum í barnavernd og félagsþjónustu á fyrrgreindri hugmyndafræði. Stjórnendateymi BR mun mynda verkefnahóp Öryggismerkis sem stýrir innleiðingu hjá BR.

Lögð verður sérstök áhersla á málefni ungmenna 16 – 20 ára á tímabili framkvæmdaáætlunar, m.a. með gerð Yfirfærsluáætlana hjá öllum börnum sem verða 17 ára meðan á vinnslu máls hjá BR stendur yfir. Stefnt er að því að slíkar áætlanir verði komnar í gildi hjá öllum ungmennum eigi síðar en við árslok 2025. Við gerð slíkra áætlana fer fram heildstætt mat og þarfagreining vegna fyrirhugaðs flutnings málefnis ungmennis frá BR til Miðstöðva Reykjavíkurborgar þegar ungmennið verður 18 ára. Á sama tíma mun fara fram mat á því hvort ráðstafanir vegna ungmennis haldi áfram á grundvelli 3. gr. barnaverndarlaga, til 20 ára aldurs. BR mun leggja sérstaka áherslu á gerð Yfirfærsluáætlana fyrir börn sem eru í varanlegu fóstri og lúta þ.a.l. forsjá BR. Þá mun fara fram skoðun og þarfagreining í samstarfi við skrifstofu ráðgjafaþjónustu hjá velferðarsviði á sérstöku búsetuúrræði fyrir 16 – 25 ára.

Málefni barna af erlendum uppruna munu áfram vera í brennidepli hjá BR. Unnið verður að því að koma á samstarfi við Útlendingastofnun, viðeigandi ráðuneyti og Alþingi til að skýra og tryggja réttarstöðu erlendra barna sem fara í varanlegt fóstur

og lúta forsjár BR.

Vistheimili yngri barna (Mánaberg) hefur til lengri tíma verið í mikilli húsnæðiseklu og í þörf fyrir stækkun og endurbætur. Það hefur verið í farvegi að byggja nýtt húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs og eru þær áætlanir komnar á góðan rekspól, en húsnæðið verður væntanlega ekki tilbúið til notkunar fyrr en eftir a.m.k. 3 – 5 ár. Afar mikilvægt er að starfsemin komist í tímabundið húsnæði í millitíðinni, sem jafnframt mun gefa svigrúm til þróunar á starfsemi og þjónustu Mánabergs á tímabili framkvæmdaáætlunar, m.a. með þeim hætti að ráðgjafar og annað starfsfólk veiti foreldrum og börnum þjónustu á eigin heimili. Skal Mánaberg því fara í nýtt, stærra og tímabundið húsnæði á fyrri hluta árs 2025.








### 4.2.3 Mannauður

Hjá BR ríkir góður starfsandi í starfsmannahópnum og verður því viðhaldið á tímabili framkvæmdaáætlun. Stefnt er að því að stjórnendateymið fái aukna þjálfun og handleiðslu í mannauðsmálum og að komið verði á reglulegri viðveru mannauðs-sérfræðings frá velferðarsviði á starfsstöð BR frá og með árinu 2024. Þá mun stjórnendateymi auka gagnsæi í störfum sínum með aukinni upplýsingagjöf til starfsfólks, m.a. á reglubundnum starfsmannafundum. Málavog hefur verið innleidd í öllum teyllum BR og verður áfram notuð til að mæla álag í starfi.

Tryggðir verða fjármunir til aukinnar fræðslu og endurmenntunar fyrir starfsfólk BR frá og með árinu 2026. Hvert teymi innan BR hefur tvo starfsdaga á ári til að sækja ýmis konar fræðslu og endurmenntun, en auk þess er einn sameiginlegur starfsdagur á ári hverju hjá öllu starfsfólki. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér fræðslu og frekara nám í sínu fagi og verður veitt svigrúm í starfi í þeim tilgangi. Allt starfsfólk hefur kost á handleiðslu.

Það er keppikefli stjórnenda BR að starfsfólk sé stolt af því að vinna hjá BR og verður því markmiði fylgt eftir með markmiðssetningum um upplýsingagjöf til almennings og ímynd BR sem lýst er í kafla 4.5, en einnig með auknu innra starfi varðandi afstöðu starfsfólks til vinnustaðarins.



### 4.2.4 Árangursmælingar

BR hefur á undanförunum árum komið vel út í starfsmannakönnunum Gallup um Stofnun ársins sem framkvæmdar eru reglulega hjá öllum stofnunum Reykjavíkurborgar. Hafa helstu niðurstöður verið vel yfir meðallagi í samanburði við aðrar stofnanir innan velferðarsviðs. Af hálfu stjórnendateymis verður unnið áfram að umbótum á grundvelli könnunarinnar og verður sérstaklega litið til líðan og ánægju starfsfólks BR, streitueinkenna í starfi og aðra þætti er varða mannauð.

Stefnt er að því að koma á auknu innra gæðaeftirliti hjá BR og verður leitað samstarfs við Teymi árangurs og gæðamats velferðarsviðs í þeim tilgangi. Markmiðið er að gerðar verði mælingar og úttektir í öllum fagteyllum BR á tímabili áætlunarinnar og mun vinnan hefjast árið 2025.



## 4.3 Barnavernd Reykjavíkur sýnir ráðdeild og hagkvæmni í rekstri og fjármálum.

### 4.3.1 Markviss áætlanagerð

Rekstrargjöld skrifstofu BR eru ávallt í endurskoðun og rýni. Launakostnaður er stærsti útgjaldaliðurinn í rekstrinum og er því er fylgst vel með með þörfum og nýtingu stöðugilda og verða ítarlegar greiningar gerðar ár hvert á tímabili áætlunar.

Á tímabili áætlunar verður lögð áhersla á rýna sérstaklega og lækka kostnað vegna tæknilausna, m.a. vegna afnota af skráarsöfnum og lénum, kostnað vegna endurnýjunar áhalda og búnaðar á skrifstofum og bifreiða- og ferðakostnað starfsfólks. Einnig verður lögð áhersla á að verkferlar og innheimta endurgreiðslna frá ríkinu vegna kostnaðar sem ríkissjóður greiðir á grundvelli 15. gr. barnaverndarlaga sæti endurskoðun, en um er að ræða greiðslur vegna barna af erlendum uppruna sem ekki eiga fasta búsetu hér á landi, er veitt alþjóðleg vernd eða dvalarleyfi.

Leitað verður eftir samráði við ríkið, Tryggingarstofnun og Sjúkratryggingar Íslands vegna skiptingu tannlæknakostnaðar barna í varanlegu fóstri, þ.e. barna sem lúta forsjá BR. Er stefnt að niðurstöðu þeirrar vinnu og samráðs á árinu 2026.



### 4.3.2 Hagkvæmni í rekstri

Ferli ákvarðanatöku um greiðslur vistunargjalda vegna barna sem vistast á vegum BR hjá Klettabæ verða endurskoðaðar. Greiðslur nú byggja á kröfulýsingu frá árinu 2019 og rammasamningi frá árinu 2021. Þá er gerður samningur um hverja vistun fyrir sig jafnóðum og hún hefst. Verða allir þessir þættir endurskoðaðir á tímabili framkvæmdaáætlunar. Mun endurskoðunin hefjast á þessu ári og ljúka árið 2025. Þá verður eftirlit og endurskoðun ráðstafana vegna barna sem vistast á Klettabæ fylgt þétt eftir, m.a. með reglulegum fundum starfsfólks BR og Klettabæjar. Jafnframt verði skoðað hvort aðrir aðilar hafi yfir að ráða sambærilegu úrræði og Klettabær býður upp á og tilboða leitað frá þeim.

Farið verður markvisst yfir ákvörðun fósturgreiðslna, þ.e. greiðslur til fósturforeldra vegna vistana barna í tímabundnu og varanlegu fóstri. Ákvarðanir um fósturgreiðslur byggja á barnaverndarlögum og reglugerð um greiðslur í fóstri, en er ávallt háð mati á þjónustuþörfum viðkomandi barns. Unnið verður áfram með matslista um mat á þjónustuþörfum barna í fóstri og stefnt að því að árið 2025 verði að fullu búið að innleiða nýtt verklag við ákvarðanatöku.

Frá og með árinu 2025 verði eingöngu tekið við rafrænum reikningum í gegnum rafræna gátt Reykjavíkurborgar. Birgjar sem ekki hafa rafrænt kerfi verður leiðbeint og veitt aðstoð um að nota rafrænu gáttina. Þá verður öllum sjálfstætt starfandi fagaðilum sem BR kaupir þjónustu af gert skylt að nota rafræna reikninga. Fagaðilum verða kynntar verklagsreglur um slíka þjónustu og greiðslur og þeim fylgt eftir við öll kaup á þjónustu. Mun verklagið horfa til töluverðrar einföldunar og vinnusparnaðar hjá BR við afgreiðslu reikninga frá birgjum og sjálfstætt starfandi aðilum.




### 4.3.3 Þétt eftirlit vegna aðkeyptrar vinnu

BR mun áfram setja og fylgja eftir skýrum verklagsreglum um greiðslur til sjálfstætt starfandi fagaðila sem BR kaupir þjónustu af fyrir sína skjólstæðinga, s.s. sálfræðinga, lögræðinga, talsmenn o.s.frv. Ákvarðanir um greiðslu til slíkra sérfræðinga verði teknar á grundvelli innsendra upplýsinga m.a. tímaskýrslum og greinargerðum um aðkomu og árangur viðkomandi sérfræðings í málinu.

Aðkeypt vinna vegna húsnæðis, s.s. vegna minniháttar endurbóta, innkaupa á húsgögnum, hreingerninga og önnur þjónusta verði ávallt háð tilboðum þar sem hagstæðasta tilboði verði tekið.

Á tímabili áætlunar verður kostnaður vegna aðkeyptrar forsjárhæfnimata, geðlæknismata og læknisvottorða greindur og áætlanir gerðar um lækkun þess kostnaðar. Mun sú vinna hefjast á árinu 2025.







## 4.4 Barnavernd Reykjavíkur og Betri Borg fyrir Börn – öflugt samstarf um farsæld og samþættingu.

### 4.4.1 Áherslupættir í samstarfi

BR mun fyrir árslok 2024 aðlaga allt samstarf sitt við Miðstöðvar Reykjavíkurborgar og aðra fagaðila í málefnum barna innan borgarinnar að breyttu verklag, til samræmis við vinnu verkefnahópa BBB og skilgreiningu á stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá mun BR halda áfram góðu samstarfi við BOFS um að stuðla að samþættingu barnaverndarstarfs og annarrar þjónustu í þágu barna.

Í innra starfi BR verður sérstök áhersla lögð á að starfsmenn fái fræðslu um hlutverk málstjóra skv. lögum um samþættingu í þágu farsældar barna og að unnar verði stuðningsáætlanir þegar mál er í samþættingu. Í málum sem eru í samþættingu verður lögð áhersla á samfellu í vinnu stuðningsteyma sem færast á milli þjónustustiga. Þá verður jafnframt lögð áhersla á samvinnu um að málin verði „fullunnin“ á fyrsta og öðru stigi áður en þau koma yfir til BR, sem er þriðja stig.

BR hefur það að markmiði, að vinna samkvæmt verklagi BBB og BOFS um samþættingu og farsæld leiði af sér fækkun tilkynninga til BR, en þó án þess að þjónusta og stuðningur við barnafjölskyldur minnki. Mælingar skulu fara fram á tímabili framkvæmdaáætlunar í því skyni að mæla hvort það markmið náist. Þess er vænst að niðurstöður mælinga í samvinnu við eigendahóp BBB liggi fyrir á árinu 2026.

### 4.4.2 Upplýsingagjöf innan Reykjavíkurborgar

Starfsfólk BR mun taka þátt í kynningu og fræðslu til skóla, leikskóla og frístundaheimila (fyrsta stigs þjónusta) ásamt verkefnastjórum BBB um verkferla BBB varðandi hvernig og hvenær mál skulu tilkynnast og flytjast á þriðja stig þjónustu, þ.e. til BR.





## 4.5 Barnavernd Reykjavíkur njóti trúverðugleika og trausts

### 4.5.1 Upplýsingagjöf til borgarbúa

Farið verði í stefnumótun varðandi upplýsingagjöf til almennings í borginni um hlutverk og tilgang BR. Skoðað verði að útbúa kynningarefni sem dreift verði til allra borgarbúa eða birt með öðrum hætti. Skipaður verður starfshópur árið 2024 úr röðum starfsmanna BR, sem verði falið að vinna stefnumótun og útbúa slíkt efni í samstarfi við skrifstofu stjórnarsýslu velferðarsviðs. Skal vinnu starfshópsins lokið á fyrri hluta árs 2025.

Útbúið verði kynningarefni sem verði aðgengilegt á Upplýsingabrunni fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, m.a. um vinnubrögð, innra starf og uppbyggingu starfsemi BR. Efnið verður tilbúið fyrir árslok 2024.

Áfram verði gefin út ársskýrsla BR, sem fyrst var gefin út árið 2023 vegna ársins 2022. Frá og með árinu 2024, vegna ársskýrslu ársins 2023, verður ársskýrslan kynnt í fjölmiðlum og fylgt eftir m.a. með greinarskrifum eða annars konar kynningu á efni skýrslunnar.

BR mun áfram leggja áherslu á að veita upplýsingar til barna um hlutverk og tilgang barnaverndarstarfs og mun leita samstarfs við Umboðsmann barna og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu þar um. Áhersla verður jafnframt lögð á að ná til ungmenna frá 15 ára aldri, m.a. með samstarfi við framhaldsskóla.

### 4.5.2 Nútímaleg og aðgengileg þjónusta

Áfram verði þróaðar samskiptaleiðir fyrir skjólstæðinga BR við starfsfólk með það að markmiði að skjólstæðingar BR upplifi að þeir fái nútímalega, skjóta og aðgengilega þjónustu. Leitað verður samstarfs við Teymi árangurs og gæðamats velferðarsviðs um gerð viðhorfskönnunar meðal skjólstæðinga BR varðandi aðkomu BR að málefnum fjölskyldu þeirra og barna og unnið úr niðurstöðum. Stefnt er að því að niðurstöður viðhorfskönnunar og úrvinnsla þeirra liggja fyrir eigi síðar en árið 2026.

Þá verði aðgengi borgarbúa og fagaðila gagnvart BR áfram bætt, m.a. með endurbótum á tilkynningarhnappi á vef Reykjavíkurborgar.





## Lokaorð

Starfshópur til að vinna áætlun þessa var skipaður af sviðsstjóra velferðarsviðs með erindisbréfi dags. 15. ágúst 2023. Starfstími hópsins var ákveðinn frá þeim degi til 30. apríl 2024. Í erindisbréfi kom jafnframt fram að áætlunin skyldi kynnt velferðarráði á fyrsta fundi þess í maí og fyrirhugað væri að framkvæmdaáætlun verði samþykkt í borgarstjórn á fundi í júní 2024.

Í starfshópnum sátu f.h. BR Þyrí Steingrímsdóttir skrifstofustjóri, Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri og Sigurður Örn Magnússon teymisstjóri Bráða- og viðbragðsteymis. Þá áttu sæti í starfshópnum Kristjana Gunnarsdóttir skrifstofustjóri Ráðgjafabjónustu velferðarsviðs og Hulda Björk Finnsdóttir verkefnastjóri farsældar barna hjá Reykjavíkurborg. Auk þess sátu í starfshópnum Magnea Gná Jóhannsdóttir borgarfulltrúi og nefndarmaður í velferðarráði og Sandra Hlíf Ocares varaborgarfulltrúi og varamaður í velferðarráði.

Eins og áður er lýst er Framkvæmdaáætlun Reykjavíkur í barnavernd 2024 – 2027 unnin á grundvelli 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Framkvæmdastjórn Barnaverndar Reykjavíkur er ábyrg fyrir framfylgd áætlunarinnar og hefur með höndum verkefnastjórn vegna hennar.



## SÓKNARÁÆTLUN BARNVERNDAR REYKJAVÍKUR

Meginmarkmið	Starfsmarkmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Forgangur	Upphaf	Endir
BR er skilvirk og vönduð stofnun með öflugum innra starfi	Bætt verklag og innra starf	Að ný málaskrá verði tekin í notkun - Ráðgjafinn	Framkvæmdastjóri	1		2027
		Að BR verði pappírslaus stofnun	Skrifstofustjóri	3	2026	
		Að lokið verði við gerð handbókar BR	Skrifstofustjóri	2	2024	2025
		Að BR taki áfram þátt í vinnu við undirbúning nýrra barnaverndarlaga	Lögfræðiteymi	1	2024	2024
		Að innleiðing verklags samþættingar/BBB verði að fullu lokið	Stjórnendateymi	1		2024
	Áherslupættir í vinnslu mála	Að innleiðings "Öryggismerki" (e. Signs of Safety) verði hafin	Stjórnendateymi	2	2025	
		Að komið verði á gerð Yfirfærsluáætlana hjá öllum 17 ára börnum	KOME teymi	1	2024	2025
		Að hugað verði að málefnum og réttarstöðu barna af erlendum uppruna	Lögfræðiteymi	3	2024	
		Að vistheimili barna fái stærra húsnæði	Framkvæmdastjóri	1	2024	2025
	Mannauður	Að hjá BR ríki góður starfsandi	Stjórnendateymi	2		
		Að tryggja aukið fjármagn til endurmenntunar og fræðslu	Stjórnendateymi	2	2026	
		Að starfsmenn séu stoltir af því að vinna hjá BR	Stjórnendateymi	2		
Árangursmælingar	Að unnið verði úr niðurstöðum "Stofnun ársins"	Framkvæmdastjóri	2	2024	2027	
	Að koma á innra gæðaeftirliti í samstarfi við TGÁ	Stjórnendateymi	2	2025		
BR sýnir ráðdeild og hagkvæmni í rekstri og fjármálum	Markviss áætlanagerð	Að rýna og lækka kostnað vegna reksturs skrifstofu	Rekstrarstjóri	2	2025	
		Að endurskoða verkferla vegna endurgreiðslna frá ríkinu	Rekstrarstjóri	2	2024	
	Hagkvæmni í rekstri	Að ákvörðun vistunargjalda hjá Klettabæ sæti endurskoðun	Skrifstofustjóri	1	2024	2025
		Að ákvörðun fósturgreiðslna fari eftir mati á þjónustuþörf	Skrifstofustjóri	1	2024	2025
		Að BR taki einvörðungu við rafrænum reikningnum	Rekstrarstjóri	2		2025
		Að unnið verði með verklagsreglur vegna aðkeyprar þjónustu fagaðila	Rekstrarstjóri	2	2025	
Þétt eftirlit vegna aðkeyprar vinnu	Að aðkeypt vinna vegna þjónustu við húsnæði verði boðin út	Rekstrarstjóri	3	2024		
BR og Betri Borg fyrir Börn - öflugt samstarf um farsæld og samþættingu	Áherslupættir í samstarfi	Að samstarf BR við aðra í borgarkerfinu verði unnið eftir verklagi BBB	Stjórnendateymi	1		2024
		Að starfsfólk fái fræðslu um hlutverk málstjóra og vinnslu stuðningsáætlana	Stjórnendateymi	1	2024	
		Að verklag leiði af sér færri tilkynningar	Stjórnendateymi	2		2026
	Upplýsingagjöf innan Reykjavíkurborgar	Að BR fari ásamt BBB í kynningu og fræðslu gagnvart 1.stigi	BOV teymi	3	2024	
	Að útbúið verði kynningarefni og sett á Upplýsingabrunn	Framkvæmdastjóri	3	2025		
BR njóti trúverðugleika og trausts	Upplýsingagjöf til borgarbúa	Að BR fari í stefnumótun varðandi upplýsingagjöf til almennings	Framkvæmdastjóri	1	2024	2025
		Að útbúið verði kynningarefni	Framkvæmdastjóri	1		2024
		Að BR hefji samstarf við Umboðsmann barna	Framkvæmtastjóri	3	2025	
	Nútímaleg og aðgengileg þjónusta	Að áfram verði þróaðar samskiptaleiðir	Framkvæmdastjóri	3	2024	
		Að gerð verð viðhorfskönnun meðal skjólstaðinga BR	Framkvæmdastjóri	2		2026



